

Nd.

409. Nefndarálit

[120. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 82 21. ágúst 1961, um meðferð opinberra mála, sbr. lög nr. 29 28. apríl 1966.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verið samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Á eftir 25. gr. komi ný grein, 26. gr., svo hljóðandi:
Þegar lög þessi hafa öðlzt gildi, skal fella ákvæði þeirra, svo og ákvæði laga nr. 29 28. apríl 1966 og laga nr. 75 27. apríl 1972, um breyting á lögum nr. 82 21. ágúst 1961, um meðferð opinberra mála, inn í meginmál laga nr. 82 21. ágúst 1961 og gefa þau út svo breytt.
2. Aftan við frv. komi svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða:

Réttarfarsnefnd skal falið að endurskoða réttarstöðu fulltrúa saksóknara ríkisins með hliðsjón af réttarstöðu og lögkjörum hliðstæðra ríkisstarfsmanna og ljúka endurskoðuninni það tímanlega, að unnt verði að leggja fram frumvarp um það efni í byrjun næsta þings.

Alþingi, 21. marz 1973.

Svava Jakobsdóttir,
form.

Bjarni Guðnason,
fundaskr.

Stefán Valgeirsson,
frsm.

Gísli Guðmundsson.

Ólafur G. Einarsson.
Ellert B. Schram.

Pétur Pétursson.